

EDDA R. H. WAAGE OG KARL BENEDIKTSSON

„Nytsöm must íslenzkra anda“

Æðarfuglinn, friðun hans og aðdragandi fyrstu fuglafriðunarlaganna

Mjög virðist fugl þessi styggur að náttúrunni, en þó verður hann allra fugla spakastur, því mörg æðurin er svo spök, að taka má hana með höndunum af hreiðrinu, setja þar er menn vilja, meðan hirt er um hreiður hennar, og láta á hreiðrið aptur, án þess hún fari í burt.¹

Inngangur

Mannleg hugsun hefur lengi lagt sig eftir því að draga skýr mörk á milli hins tamda og hins villta. Flokkun dýra í tungumálinu ber þessu ljóst vitni. Sum dýr hafa lítið sem ekkert samneyti við menn – eru villt dýr, jafnvel (alger) villidýr. Andstæða þeirra eru húsdýrin sem frá fæðingu til dauða eru meira eða minna undir handarjaðri manna. En svo eru til dýr sem falla ekki inn í þessar skilgreiningar. Æðarfuglinn er eitt þeirra. Hann er bæði styggur og spakur; hvorki villtur né taminn. Þessi merkilegi fugl, eða öllu heldur pólitísk áhrif hans, er efni þessarar greinar en hér verður varpað ljósi á það mikilvæga hlutverk sem æðarfuglinn gegndi í þróun fuglaverndar á Íslandi.

Æðarfugl hefur um langan aldur verið mannlegum íbúum norðurhjarans til mikilla nytja, ekki síst vegna dúnsins sem æðarkollur plokka af eigin bringu og leggja í hreiður sín til að halda hita á eggjunum.² Æðardúnn hefur

¹ „Æðarvarpið“, *Gestur Vestfirðingur* 2/1848, bls. 73–112, hér bls. 79.

² Robin W. Doughty, „Eider husbandry in the North Atlantic: trends and prospects“, *Polar Record* 19: 122/1979, bls. 447–459.



verið verðmætur verslunarvarningur á Íslandi allt frá 17. öld,³ enda eitt albesta einangrunarefni sem fyrirfinnst. Sérstök efnismenning hefur orðið til í tengslum við dúntekju og umhirðu æðarvarps.⁴ Margir hafa því hugsað hlýlega til fuglsins, bæði bókstaflega og í óeiginlegri merkingu. Æðarfuglinn hefur verið alfríðaður á Íslandi allar götur frá árinu 1847. Í greininni ætlum við að rekja stuttlega hvernig sambandi manns og æðarfugls hefur verið háttað allt frá landnámi og setja í samhengi við þróun fuglaverndar.

Sögur af sambandi manna og dýra eru oft sagðar með sakbitnum undirtóni og ekki alveg að ástæðulausu. Staðreyndin er sú að mjög margar tegundir eiga undir högg að sækja vegna breytinga af mannavöldum. Um þessar mundir er talað um að sjötta bylgja útrýmingar í sögu lífs á jörðinni sé hafin; fjölmargar tegundir lífvera muni á næstunni hverfa af sjónarsviðinu fyrir fullt og allt.⁵ Andspænis slíkum heimsendaspádómi virðist samband æðarfugls og manns kærkomin tilbreyting. Það lítur við fyrstu sýn einhvern veginn allt öðruvísi út; meira jafnvægi í hlutunum. Hvor aðilinn kann að meta sambýli við hinn. Þótt tegundirnar séu afar ólíkar byggir sambandið á gagnkvæmu trausti.⁶

Ef til vill er samband æðarfugls og manns dæmi um það sem kallað hefur verið pósthúmanískt ástand.⁷ Eins og nafngiftin gefur til kynna er pósthúmanisma teft fram sem andófi við þau húmanísku sjónarhorn sem lengi hafa ráðið mestu í hugsun okkar, eða að minnsta kosti sem tilraun til að leiðrétta þann meinta misskilning sem þessi sjónarhorn byggja á. Í húmanismanum er

³ Valdimar H. Gíslason, „Verslun með æðardún“, *Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi*, ritstj. Jónas Jónsson, Reykjavík: Mál og mynd, 2001, bls. 135–147, hér bls. 135.

⁴ Árni Snæbjörnsson, „Hirðing æðarvarps“, *Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi*, ritstj. Jónas Jónsson, Reykjavík: Mál og mynd, 2001, bls. 71–91; Valdimar H. Gíslason, „Aðferðir við hreinsun æðardúns“, *Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi*, ritstj. Jónas Jónsson, Reykjavík: Mál og mynd, 2001, bls. 109–133.

⁵ Sjá t.d. Elizabeth Kolbert, *The Sixth Extinction: An Unnatural History*, London: Bloomsbury Publishing, 2014.

⁶ Marianne Lien, „Ducks into houses: domestication and its margins“, *Domestication gone wild: politics and practices of multispecies relations*, ritstj. Heather Anne Swanson, Marianne E. Lien, Gro Ween, Durham: Duke University Press, 2018, bls. 117–140.

⁷ Sjá t.d. Cary Wolfe, *What is Posthumanism?*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 2010; Rosi Braidotti, *The Posthuman*, Cambridge: Polity Press, 2013; Franklin Ginn, „Posthumanism“, *The International Encyclopedia of Geography: People, The Earth, Environment and Technology*, ritstj. Douglas Richardson, Noel Castree, Michael F. Goodchild, Audrey Kobayashi, Weidong Liu og Richard A. Marston, Wiley-Blackwell, 2017, bls. 1–9; Giovanni Leghissa, Carlo Molinar Min, Carlo Salzani, „Limiti e confini del Postumano“, *Lo Squardo – Rivista di filosofia*, 24: 2/2017, bls. 5–9.

lögð áhersla á algera sérstöðu mannsins. Tiltækin eru ýmis atriði sem fullyrt er að geri mannskepnuna sérstaka og óviðjafnanlega; til dæmis rökræn hugsun, tungumál, tilfinningar og siðferði. Gert er ráð fyrir skörpum aðskilnaði manns og náttúru. Pósthúmanisminn segir slíka hugsun í grundvallaratriðum ranga. Fyrir það fyrsta sé maðurinn alls ekkert öðruvísi skrúfaður saman en þær skepnur sem deila með honum jörðinni. Í annan stað sé ómögulegt að segja hvar maðurinn endar og hvar náttúran byrjar. Og svo er það tæknin sem gerir mörkin enn óljósari.⁸ Hjartagangráðar og greindarlegir gervilimir eru orðnir hluti af tilveru margra. Erfðafræði hefur gert mannum kleift að splæsa saman erfðafefni úr ólíkum lífverum. En þrátt fyrir að tæknipróun undanfarinna áratuga hafi verið afar hröð er þetta ástand ekki nýtilkomið, heldur hefur veröldin kannski alltaf verið svona. Efnismeningin – efnislegir hlutir og mannvirki sem taka mót sitt af hugmyndum og hefðum hvers tíma – hefur vissulega tekið breytingum, en í grunninn er ef til vill ekki stór munur á fortíð og nútíð hvað þetta varðar. Pósthúmanismi er þannig ekki endilega sérstakt skeið sem sagan hefur nýverið skilað okkur inn á, heldur verufræðileg staðreynd að mati sumra þeirra sem hafa tekið sér far með þessum kenningalega póstvagni.⁹ Maður, tækni og náttúra eru „þrenning sönn og ein“, eins og skáldið sagði¹⁰ – þótt það væri reyndar að tala um allt aðra hluti.

Aukin athygli sem pósthúmanískar hugmyndir hafa hlotið tengist ekki síst róttækri endurhugsun á sambandi manna og annarra dýra á undanförunum árum.¹¹ Eins og Rosi Braidotti bendir á opnast nokkurs konar verufræðilegt tómarúm við það að taka manninn niður af stalli sínum, en þetta tómarúm er þó fyllt upp af öðrum tegundum, sem þangað koma á harðastökki.¹² Og sumar tegundir koma jafnvel fljúgandi.

En hyggjum nú að æðarfuglinum. Að loknum þessum inngangi verður fyrst gerð örstutt grein fyrir þessari tegund, einkennum hennar og út-

⁸ Sjá t.d. Glen A. Mazis, *Humans, Animals, Machines: Blurring Boundaries*, Albany: State University of New York Press, 2008.

⁹ Sjá greiningu á mismunandi notkun og merkingu hugtaksins í Franklin Ginn, „Post-humanism“, bls. 1–9.

¹⁰ Snorri Hjartarson, „Land, þjóð og tunga“, *Tímarit Máls og menningar* 10b: 1/1949, bls. 3.

¹¹ Sjá t.d. Cary Wolfe, ritstj., *Zoontologies: the Question of the Animal*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 2003; Carlo Salzani, „From post-human to post-animal: posthumanism and the 'animal turn'“, *Lo Squardo – Rivista di filosofia*, 24: 2/2017, bls. 97–109.

¹² Rosi Braidotti, *The Posthuman*, bls. 67.

breiðslu. Í kjölfar þess víkjum við sögunni til Íslands og skoðum nánar lög um nýtingu æðarfugls, sem sett voru þegar á fyrstu öldum byggðar á Íslandi og endurnýjuð á 19. öldinni. Við skoðum hvað lá þar að baki, hvernig samband æðarfugls og manns þróaðist með breyttri nýtingu á æðardúni, einnig hvernig nýtingarhagsmunir og önnur sjónarmið hafa togast á í sögunni hvað varðar verndun fuglsins. Umfjöllunin byggir á nákvæmri skoðun sögulegra heimilda; fornum lagatextum Grágásar og Jónsbókar, sögulegum heimildum um æðarbúskap frá 17. 18. og 19. öld, opinberum skjölum frá dönskum stjórnvöldum frá 18. og 19. öld, og umræðum á Alþingi frá 19. og 20. öld. Þessa sögu skoðum við í framhaldinu út frá fræðilegu sjónarhorni póst-húmanisma, meðal annars með tilliti til efnismenningar og gerendahæfni (e. *agency*: hæfnin til að koma einhverju til leiðar). Til að gera langa sögu stutta er niðurstaða okkar sú að líta beri á æðarfuglinn sem virkan og mikilvægan geranda í fuglavernd.

Um æðarfuglinn, útbreiðslu hans og nýtingu

Æðarfuglinn tilheyrir ætt andfugla, *Anatidae*, ásamt öðrum öndum, gæsnum og svönunum. Á tungumáli dýrafræðinnar nefnist tegundin *Somateria mollissima*. Grískur fyrri hluti heitisins vísar bæði til líkama og ullar, en latínan í hinum síðari til mýktar.¹³ Það var Carl von Linné, upphafsmaður tvínefna-kerfisins í líffræði, sem fann upp á þessu með mýktina. Sjálfur nefndi hann fuglinn *Anas mollissima* árið 1758, en rúmri hálfri öld síðar voru æðarfuglar gerðir að sérstakri ættkvísl andfugla, sem nefnd var *Somateria*.¹⁴ Nokkrar náskyldar tegundir finnast, en hinn sérlega mjúki dúnn æðarfuglsins hefur greinilega heillað nafngjafana hvað þessa tilteknu tegund varðar. Nokkrar deilitegundir hafa verið skilgreindar, en sú sem verpir hér á landi kallast *Somateria mollissima borealis*.¹⁵ Mýktin myndar skemmtilega andstaðu við hið harðbýla norður í nafngiftinni.

Æðarfuglinn er kafönd, sem aflar sér fæðu með því að kafa niður á sjávarbotn. Hann er eindreginn sjófugl, sem dvelur á og við sjó árið um kring.

¹³ Chris Waltho og John Coulson, *The Common Eider*, London: T & AD Poyser, 2015, bls. 13.

¹⁴ Integrated Taxonomic Information System, „Somateria“, *ITIS Report*, sótt 9. mars 2020 af https://www.itis.gov/servlet/SingleRpt/SingleRpt?search_topic=TSN&search_value=175154#null.

¹⁵ Ævar Petersen og Karl Skírnisson, „Lífnaðarhættir æðarfugls á Íslandi“, *Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi*, ritstj. Jónas Jónsson, Reykjavík: Mál og mynd, 2001, bls. 13–45.

Þetta skapar honum sérstöðu í hópi annarra anda á norðurhveli jarðar.¹⁶ Fuglinn er afar algengur víða við strendur Norður-Evrópu, Norður-Ameríku og Rússlands, en finnst þó ekki um miðbik norðurstrandar Rússlands eða Kanada. Á Íslandi er æðurin ein sautján andategunda sem heiðra landið með nærveru sinni og einn algengasti fugl landsins.¹⁷ Að undantekinni sandorpinni og brimasamri suðurströndinni verpir hún vítt og breitt umhverfis Ísland.¹⁸ Stærstu æðarvörp eru við Breiðafjörð og á Vestfjörðum. Um vetur og á fjaðrafellitíma dreifast fuglarnir dálítið öðruvísi umhverfis landið, en víðast hvar við landið má þó rekast á æðarfugl á svamli við ströndina á öllum árstímum. Ólíkt því sem raunin er á sumum öðrum búsvæðum tegundarinnar eru íslenskir æðarfuglar staðfuglar.¹⁹ Þeir þurfa ekki að flytja árstíðabundnum búferlum um langan veg vegna sveiflna í fæðuframboði. Gestir frá Austur-Grænlandi og Svalbarða bætast meira að segja í hópinn við hið íslenska gnægtaborð yfir vetrartímann.

Fæða æðarfugla er fyrst og fremst þau margvíslegu dýr sem þrífast á grunnsævi. Kræklingur er mikilvægur, en einnig fjölmörg önnur smá skeldýr, krabbadýr, sniglar og ormar, og jafnvel stöku marfló „til bragðbætis“.²⁰ Á vissum tímum eru loðna og hrogn hennar stór hluti fæðunnar og fuglarnir hópast saman síðari hluta vetrar þar sem sá góði fiskur kýs að hrygna það árið. En valt er að treysta á loðnu nú á síðari tímum, eins og bæði íbúar sjávarþorpa og sjófuglar vita.

Í öllum þeim löndum þar sem æðarfugl finnst hefur hann orðið mönnum að nytjum, bæði til sjálfsþurfta og sölu. Tínsla eggja og veiðar til matar voru lengi gríðarmikilvægar fyrir ýmsa hópa Inúíta, bæði í Kanada og á Grænlandi.²¹ Hamir með fjöðrum og dún nýttust til klæðagerðar og dúnninn varð verslunarvara. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær verslun með dún hófst á milli svæða en heimildir greina frá verslun milli Sama og norrænna höfðingja í Noregi þegar árið 890.²² Mikill vöxtur hljóp í kaupskapinn þegar fram

¹⁶ Chris Waltho og John Coulson, *The Common Eider*; bls. 13.

¹⁷ Ævar Petersen og Karl Skírnisson, „Lifnaðarhættir æðarfugls á Íslandi“, bls. 17.

¹⁸ Náttúrufræðistofnun Íslands, „Æður (Somateria mollissima)“, sótt 9. mars 2020 af <https://www.ni.is/biota/animalia/chordata/aves/anseriformes/somateria-mollissima>.

¹⁹ Ævar Petersen og Karl Skírnisson, „Lifnaðarhættir æðarfugls á Íslandi“, bls. 19.

²⁰ Sama heimild, bls. 44.

²¹ Stine Vestbo, Claus Hindbjerg, Jens M. Olesen og Peter Funch, „Eiders as long distance connectors in Arctic networks“, *Cross-Cultural Research*, 53: 3/2019, bls. 252–271, hér bls. 257–258.

²² Birgitta Berglund, „*Fugela Federum* in archaeological perspective – eider down as

liðu stundir og á 17. öld var dúnn orðinn mikilvæg útflutningsvara bæði í Noregi og á Íslandi.²³ Annars staðar varð kjöt fuglsins einnig að markaðsvöru. Hér sem oft endranær hefur markaðurinn reynst skaðræðisskepna: Í Grænlandi var gengið afar nálægt stofninum með skefjalasum veiðum á 19. öld og í upphafi þeirrar 20.²⁴ Ástæðan var sumpart tilkoma markaða til að sjá vaxandi fjölda danskra innflytjenda í þorpum og bæjum fyrir fæðu. Víða annars staðar hefur æðarfugli einnig fækkað vegna veiða, einkum í austanverðu Kanada og Finnlandi, en þó hefur í báðum löndum verið tekið fyrir veiðar til sölu.²⁵ Einungis í Noregi og á Íslandi eru veiðar með öllu bannaðar, en þetta eru jafnframt einu löndin þar sem dúntekja er stunduð að marki um þessar mundir.

Það er einmitt í þessum tveimur löndum sem samband manna og æðarfugla hefur tekið á sig þann pósthúmaníska svip, sem lýst var hér að framan. Í Noregi er æðarrækt enn stunduð í dálitlum mæli á eyjum undan sunnanverðu Hálogalandi og átti sú sérstæða menning sem þar hafði þróast í tengslum við æðarvarpið stóran þátt í að eyjarnar voru teknar á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna árið 2005.²⁶ En nú víkur sögunni til Íslands.

Samspil nytja og verndar á fuglum í fornum lagatextum

Elstu lagaákvæði sem tengja má við fuglavernd koma fram í handritum Grágásar og Jónsbókar frá 13. öld. Af þessum fornu lagatextum að dæma er ljóst að fuglar voru á meðal búpenings á þjóðveldisöld og að um þá gildi ákveðinn eignarréttur. Fuglar féllu undir ákvæði um að allt búfé skyldi „einkunnað“,

a trade commodity in prehistoric Northern Europe“, *Acta Borealia* 26: 2/2009, bls. 119–135, hér bls. 128.

²³ Valdimar H. Gíslason, „Verslun með æðardún“, bls. 136.

²⁴ Stine Vestbo o.fl., „Eiders as long distance connectors in Arctic networks“, bls. 257. Sjá einnig Charles Wendell Townsend, „A plea for the conservation of the eider“, *The Auk* 31: 1/1914, bls. 14–21. Townsend gerði að umtalsefni deilitegundina *Somateria mollissima dresseri*, sem byggir austurströnd Norður-Ameríku, og hafði áhyggjur af gegndarlausri veiði fuglsins bæði af frumbyggjum svæðisins og evrópskum innflytjendum.

²⁵ Conservation of Arctic Flora and Fauna [CAFF], *Circumpolar Eider Conservation Strategy and Action Plan*, Akureyri: CAFF, 1997, bls. 2.

²⁶ Bente Sundsvold, *Den nordlandske fuglepleie - Herligheter, utvær og celeber verdensarv. Mellom tekster og praksiser i Vegaøyen*, doktorsritgerð, UiT Norges arktiske universitet, 2015; Knut Fageraas, „Housing Eiders—Making Heritage: The Changing Context of the Human—Eider Relationship in the Vega Archipelago, Norway“, *Animal Housing and Human—Animal Relations: Politics, Practices and Infrastructures*, ritstj. Kristian Bjørkdahl og Tone Druglitrø, London: Routledge, 2016, bls. 94–111.

Það er markað, og var tekið fram að þeir skyldu vera merktir á fitjum til að markið teldist löglegt.²⁷ Ekki er tekið fram hvort hér hafi verið átt við ræktaða fugla, svo sem hænsn eða gæsir, eða hvort villtir nytjafuglar hafi verið merktir með þessum hætti. Í Jónsbók kemur þó fram að álfir hafi verið merktar. En hvort sem villtir fuglar voru merktir eða ekki, þá var skýrt kveðið á um eignarrétt á sumum þeirra. Sérstaklega á þetta við nokkrar tegundir fugla sem verptu reglulega á tilteknum svæðum og voru nytjaðar markvisst með eggjatöku. Varpvæði þeirra voru kölluð eggver og þær tegundir sem nefndar eru þessu í samhengi eru gæsir, endur, æðarfugl og þernur.²⁸ Af þeim ákvæðum sem varða nytjar á villtum fuglum má lesa að eggjataka hafi verið mikilvæg hlunnindi. Enn fremur er ljóst að þótt menn hafi lagt sér til munns egg allra fuglategunda sem töldust ætar á annað borð, það er allra annarra en klófugla,²⁹ þá vógu áðurnefndir eggversfuglar, auk álfarinnar, þungt á metunum í þessu samhengi.

Ákvæði um veiðar á fuglum sýna að fuglaveiðar voru stundaðar á Íslandi á miðöldum. Hverjum manni var heimilt að veiða að vild fugla á eigin landi, og segir í Jónsbók að „vali alla, elftur og gæs og alla aðra fugla ómerkta [eigi] hver maður á sinni jörðu“.³⁰ Þó voru tvær undantekningar á þessu: Annars vegar var óheimilt að veiða á eigin landi fugl sem merktur var öðrum.³¹ Hins vegar voru takmarkanir settar á veiðar eggversfugla. Í Grágás er þannig kveðið á um að ekki megi veiða á eigin landi „gæs né andir né æðar né þernur“, í „örskotshelgi“ við eggver annars manns.³² Í Jónsbók er í þessu sambandi talað um að ekki megi veiða þernur, æðar og andir nær eggveri annars manns en „200 faðma tólfræð“.³³ Bæði í Grágás og Jónsbók er enn fremur mælt til að umræddum tegundum sé almennt hlíft við veiði

²⁷ *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, ritstj. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Arnason, Reykjavík: Mál og menning, 1992, bls. 167 og 350. *Jónsbók: Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á Alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578*, ritstj. Már Jónsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004, bls. 197.

²⁸ Þessar tegundir eru talðar upp í Grágás. Í Jónsbók aftur á móti eru gæsir undanskildar í þessari upptalningu.

²⁹ Klófuglar eru í Kristinna laga þætti Grágásar skilgreindir sem fuglar er hafi hræfuglaskló, og tiltekið að það eigi við örn, hrafn, val og smyrl. *Grágás*, bls. 32.

³⁰ *Jónsbók*, bls. 196.

³¹ *Grágás*, bls. 349. *Jónsbók*, bls. 196–197.

³² *Grágás*, bls. 350. Örskotshelgi er það svæði sem helgt er fyrir veiðum og markast af þeirri fjarlægð sem ör drífur.

³³ *Jónsbók*, bls. 196. 200 faðma tólfræð eru 240 faðmar, sem samsvarar um 400 metrum og jafngildir *örskotshelgi* Grágásar.

utan þessarar fjarlægðar. Á leigulöndum gilti hins vegar að ef eggver var til staðar mátti leiguliði aldrei veiða eggversfugla, en hafði eftir sem áður rétt til eggjatöku í verinu.

Eggverstegundir nutu þannig ákveðinnar verndar fyrir veiði á tilteknum svæðum, það er í nánasta umhverfi eggveranna. Lesa má úr textanum að forsenda þessara veiðitakmarkana hafi verið að vernda þá auðlind sem eggver voru og undirstrikar þetta mikilvægi þeirra hlunninda sem eggjataka var. En þar sem aðeins er fjallað um bann við veiðum leiguliða og ef eggver væri að finna í landi nágrannans, bendir það til að banninu hafi fyrst og fremst verið ætlað að vernda eignarrétt á fuglum þeirra landeigenda þar sem eggverin var að finna, fremur en fuglana sem slíka. Með öðrum orðum má túlka þetta sem svo að bannið við veiðum á eggversfuglum hafi ekki náð til landeigendanna sjálfra, heldur hafi þeim verið heimilt að veiða viðkomandi tegundir á eigin landi, kysu þeir svo.

Veiðar á löndum annarra voru alla jafna bannaðar. Bæði í Grágás og Jónsbók er þó að finna ákvæði um að eigi maður leið um annars manns land sé eftir sem áður leyfilegt að taka ómerkta fugla sem á götu hans eru. Eins var leyfilegt að taka egg undan þessum sömu fuglum.³⁴ Einnig var skýrt tekið fram að ekki mætti gera sér ferð á annars manns land til veiða eða eggjatöku. Í Grágás eru þó undanskilin í þessu samhengi valir, álftrir, gæsir og endur, sem og allir sæfuglar, en þá mátti aldrei veiða á annars manns landi. Í Jónsbók er að sama skapi ákvæði um að ómerkta fugla megi aldrei taka í veiðistöð eða eggveri á annars manns landi. Þar segir hins vegar að „kóngur [megi] láta veiða vali alla á hvers manns jörðu er hann vill“.³⁵ En á meðan sumar tegundir fugla nutu þannig ákveðinnar verndar gegnum takmarkanir á veiðum, voru aðrar tegundir tilteknaðar sem veiða mátti hvar sem vera skyldi. Þannig segir í Grágás: „Rétt er manni að veiða í annars manns landi örnu og hrafna, smyrta og lær og spóa og alla smáfugla þá er eigi fljóta á vatni, nema rjúpur“.³⁶ Sama ákvæði var tekið upp í Jónsbók.³⁷

Segja má að fuglum hafi þannig almennt verið skipað í þrjá flokka sem skilgreindir voru út frá nytjagildi. Í einum flokknum voru mikilvægir nytjafuglar og um veiðar á þeim giltu ströngustu ákvæðin; aðeins landeigendur gátu veitt og nytjað þessa fugla á eigin landi. Gilti þannig um þá skýr eignarréttur sem þó grundvallaðist á eignarhaldi þess lands þar sem fuglarnir áttu

³⁴ *Grágás*, bls. 349. *Jónsbók*, bls. 197.

³⁵ *Jónsbók*, bls. 197.

³⁶ *Grágás*, bls. 349.

³⁷ *Jónsbók*, bls. 197.

hreiður. Í öðrum hópnum voru vaðfuglar og spörfuglar sem ekki gáfu af sér mikilvæg hlunnindi og sem leyfilegt var að veiða og nytja á eigin landi og eftir atvikum á landi annarra. Um þessa fugla gildi þannig ekki óskoraður eignarréttur heldur nýtingarréttur, sem þó voru takmörk sett út frá eignarhaldi á landi. Í þeim þriðja voru ránfuglar sem voru réttðræpir hvar og hvenær sem vera skyldi.

Samband manns og æðarfugls gegnum dúntekju

Um dúntekju er hvorki getið í lögboókum Íslendinga til forna né um hana fjallað í tengslum við nytjar af fuglum. Má því ætla að dúntekja hafi ekki verið talin til mikilvægra hlunninda á fyrstu öldum byggðar í landinu. Lesa má þó úr hinum ýmsu textum að fólk hafi nýtt sér dún, fiður og fjaðrir af fuglum, meðal annars fyrir dýnur og sessur. Á einhverjum tímamarki varð æðardúnninn að verslunarvöru því í elsta varðveitta handriti Búalaga frá um 1460 kemur fram verðlagning á æðardúni sem og dúni almennt.³⁸

Framan af hefur dúnninn verið notaður lítt eða illa hreinsaður en það breyttist á 17. öldinni. Frá því segir að Jón Pétursson í Brokey hafi verið „sá fyrsti hér vestra sem tók að hreinsa æðardún og kom fyrst sléttalds og síðan eins ríkisdals Specie verði á hvert pund, en áður seldist óhreinsaður dúnn eftir Búalögum“.³⁹ Jón þessi var fæddur árið 1584 í Arnarfirði, en var sendur í fóstur til Englands barn að aldri og ólst þar upp til 18 ára aldurs við „sjóferðir og kaupmannsskap“⁴⁰. Því er ekki ólíklegt að hann hafi lært til verka við dúnhreinsun í Englandi. Hann hóf búskap í Brokey fljótlega upp úr 1600 og kom þar upp miklu æðarvarpi sem lengi hélt.

Aðrar heimildir eru til vitnis um þessa þróun í nytjasögu æðarfuglsins. Þannig segir Arngrímur Jónsson lærði frá því í *Crymogæu* sinni árið 1609 að bæði tamdir og ótamdir fuglar séu Íslendingum til nytja, ýmist fuglarnir sjálfir og/eða egg þeirra, en minnst ekki á dúntekju.⁴¹ Aftur á móti segir Þórður Þorláksson í Íslandslýsingu sinni frá 1666: „Æðardúnninn er alveg frábær; hann er einstaklega mjúkur og er mjög eftirsóttur af útlend-

³⁸ *Búalög: um verðlag og allskonar venjur í viðskiptum og búskap á Íslandi*, 1. Hefti, Sögufélag gaf út, Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1915. *Búalög III*, bls. 31–45.

³⁹ Bogi Benediktsson, *Æfi-agrip feðganna Jóns Pétursson, Benedikts Jónssonar, Boga Benediktssonar og Benedikts Bogasonar*, Viðeyjarklaustur, 1823, bls. 11.

⁴⁰ Sama rit, bls. 9.

⁴¹ Arngrímur Jónsson, *Crymogæa: Pettir úr sögu Íslands*, Reykjavík: Sögufélag, 1985/1609, hér bls. #.

ingum sem greiða hátt verð fyrir hann“.⁴² Í *Ferðabók* Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, sem byggði á leiðangri þeirra frá 1752–57, birtist allítarleg umfjöllun um æðarfuglinn þar sem hann er sagður „nytsöm must íslenzkra anda“.⁴³ Hagtölur frá þessum tíma veita jafnframt innsýn í þessa þróun. Þær útflutningstölur sem til eru frá 17. öld geta ekki um útflutning á æðardúni. Útflutningsskýrslur frá árinu 1730 sýna aftur á móti að tæplega þrjú og hálf tonn voru flutt út af æðardúni það árið.⁴⁴

Þegar upplýsingarstefnan ruddi sér til rúms hérlandis á 18. öldinni voru umbætur í landbúnaði settar á oddinn. Var í því sambengi horft til þess árangurs sem orðið hafði í æðarrækt. Þannig hafði Hið íslenska lærdómslistafélag, sem stofnað var árið 1779, meðal annars á stefnuskrá sinni að upplýsa Íslendinga um ýmis þau vísindi sem vörðuðu bústjórn.⁴⁵ Taldi félagið upp þau verkefni sem það áleit mikilvægt að fjalla um, og sem voru í samræmi við stefnuskrá þess. Þar á meðal var fræðsla um ræktun æðarvarps og hvernig koma mætti upp varpi.⁴⁶

Árið 1784 fylgdi félagið þessu eftir með birtingu ítarlegrar greinargerðar um æðarvarp, sem rituð var af Ólafi Stephánsyni amtmanni.⁴⁷ Ólafur hafði mikla reynslu af æðarrækt sem hann miðlaði til lesenda. Meðal annars fjallaði hann um hvernig koma mætti á fót æðarvarpi, jafnvel með því að koma upp hólum í ám og vötnum nálægt sjó. Fuglahræður af ýmsum gerðum mætti setja í varplandið. Mikilvægt var að skapa þannig aðstæður að fuglinn kysi sjálfur að verpa þar sem manningnum þóknaðist, ekki síst með því að búa æðarkollunum híbyli:

Nockrir hlada smá byrgi fyri fuglinn af fjórum hellusteinum, hvar af tveir eru reistir á rönd til beggja hlida, hinn þridi á bak við þá,

⁴² Þórður Þorláksson, *Ísland: Stutt landlýsing og sögulegt yfirlit (þar sem jafnframt er flett ofan af missögnum nokkurra rithöfunda um eyna)*, Þorleifur Jónsson sneri á íslensku, Reykjavík: Ferðafélag Íslands, 1982/1666, bls. 39.

⁴³ Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752–1757*, fyrsta bindi, Reykjavík: Haraldur Sigurðsson og Helgi Hálfðánarson, 1943/1772, bls. 383.

⁴⁴ *Hagskinna: Sögulegar hagtolur um Ísland*, ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, Reykjavík: Hagstofan, 1997, bls. 416.

⁴⁵ Hið íslenska lærdómslistafélag, *Hins íslenska lærdómslistafélags skrá*, 1780, bls. 4.

⁴⁶ Hið íslenska lærdómslistafélag, „Verkefni þau er hið íslenska Lærdómslista Félag æskir, að með hið fyrsta yrði skráð um sér í lagi, eru þessi“, *Rit þess íslenzka Lærdómslistafélags* 2/1781, bls. 283–286, hér bls. 285.

⁴⁷ Ólafur Stephánsson, „Um æðarvarp“, *Rit þess íslenzka Lærdómslistafélags* 4/1783, bls. 208–233.

einnig á rönd, svo nú sýniz sem litlar kvíar seu gjörvar, sá fjórði og þynnzti steinninn er lagdr ofan yfir kvíarnar; vídd og hæd þeirra er látin vera sva mikil, að fuglinn fái nægilegt rúm fyri sjálfann sig og egg sín, geti snúit ser í hreidrinu og hægliga geingit út og inn.⁴⁸

Einnig nefndi Ólafur að gjarnan mætti innrétta slík híbýli með torfi og þangi. Hey var ekki talið ráðlegt að nota, því væri það sett sem undirlag í hreiður reytti fuglinn síður af sér dúninn „því hann finnr mýkindi undir ser af heyinu, og líka nockr hlýindi, sva þetta verdr skadi fyri dúntekiunna.“⁴⁹

Umfjöllun Ólafs um æðarrækt er ekki aðeins upplýsandi um þær aðferðir sem beitt var heldur lýsa þær ekki síður þeim hugmyndum sem hann hafði um þennan nytsama fugl. Á einum stað lýsir Ólafur þeirri skoðun sinni að æðarfuglinn sé hinn „forvitnasti fugl sem ég hygg að gefiz, er elskar alla nýsmídi“⁵⁰ og vísar þar til þess hvernig æðarfuglinn gengst inn á þá umhverfismótun sem maðurinn býr honum. Á öðrum stað nefnir hann hve ánægjulegt það sé að sjá hversu „umhyggjufullr Blikinn er fyri hreidrtilbúningnum með ædurinni, því eingu ber hann minna enn hún af þangi og sinu til þess“ og ef blikinn sjái „nockurn blika koma í grend vid unnustu sína“ reki hann þann „óðar á hæl með biti og barsmíd“.⁵¹ Virðist hann þannig lesa úr hegðun fuglsins siðferðislegt réttmæti athafna hans og eigna honum um leið mannlega eiginleika. Samkvæmt Ólafi „elskar“ æðarfuglinn þau skýli sem maðurinn býr honum, því þannig sé hann „óhultari fyri ránum gripfugla“.⁵² Æðarfuglinn eigi sér nefnilega nokkra óvini í ríki náttúrunnar. Verstir séu þar refur og örn, sem drepi allt sem fyrir þeim verður, fugla og unga, og spilli hreiðrum í þokkabót. Aðrir óvinir séu hrafn, skarfur, svartbakur og kjói, en þessir drekka úr eggjum, auk þess sem „hrafnninn gjörir ser einga samvitsku af, að fljúga burt með ædarúngana ser og sínum úngum til bráðar“.⁵³ En ef marka má orð Ólafs eru ekki allir fuglar óvinir æðarfuglsins. Til að mynda tekur hann fram að svartbakur, tjaldur og kría eigi það til að verja æðarvarp, eigi þessir fuglar þar sjálfir hreiður. Reyndar leiki svartbakurinn tveimur skjöldum þar sem hann reki æðarfuglinn af hreiðri sínu og drekki úr eggjum. Því ætti að leitast við að hrekja svartbak frá æðarvarpi, en halda aftur á móti

⁴⁸ Sama rit, bls. 212.

⁴⁹ Sama rit, bls. 213.

⁵⁰ Sama rit, bls. 217.

⁵¹ Sama rit, bls. 212–213.

⁵² Sama rit, bls. 212.

⁵³ Sama rit, bls. 213–214.

í tjald og kríu og „örtaka aldrei egg þeirra“.⁵⁴ Ólafur nefnir eina fuglategund til viðbótar sem æskilegt sé að hafa nálægt æðarvarpi, það er val, því hann verji bæði hreiður sitt og æðarfuglsins, og því sækist æðarfuglinn eftir að verpa nálægt hreiðri valsins.⁵⁵

Ólafur lýsir æðarfuglinum sem forvitnum, umhyggjusömum og skynsömum fugli sem auðveldlega megi hæna að manningum yfir varptímum. Samband manns og æðarfugls virðist þó byggja á gagnvirkum forsendum, því báðir hafa hag af og sambandið varir aðeins þann tíma sem varp stendur yfir. Á öðrum tímum ársins hverfur æðarfuglinn til hinnar villtu náttúru. Um leið dregur Ólafur upp mynd af flokkun fugla sem hverfist um nytjar af æðarfuglinum. Annars vegar eru fuglar sem spilla varpi: Örn, hrafn, svartbakur, skarfur og kjói. Hins vegar eru fuglar sem stuðla að verndun æðarvarpsins: Kría, tjaldur og valur. Aðrir fuglar skipta ekki máli í þessu sambandi. Líta má svo á að æðarfuglinn sé þannig á mörkum hins villta og þess tamda: Fugl sem ræður sér sjálfur í ríki náttúrunnar, en sem velur að eiga samskipti við manninn þegar honum hentar. Fugl sem á óvini í ríki náttúrunnar en sækir skjól hjá manningum fyrir grimmd þess villta.

Friðun æðarfuglsins

Svo virðist sem vaxandi nytjar af dúntekju hafi leitt til breyttra hugmynda um aðrar nytjar af æðarfugli, þá sérstaklega það að leggja sér fuglinn til munns. Í *Ferðabók Eggerts og Bjarna* segir frá því að fuglinum fari fækkandi í Kjósar- og Gullbringusýslu, þar sem hann sé skotinn ótæpilega, bæði af landeigendum og útlendingum.⁵⁶ Það töldu þeir Eggert og Bjarni vera brot á lagaákvæðum Jónsbókar. Aftur á móti tóku þeir fram að mikið væri af fuglinum í Borgarfirði og á Breiðafirði, þar sem lögin væru virt. Má af þessu lesa að annað hvort hafi lagaákvæði um takmarkanir á veiðum eggversfugla ekki verið virt eða ágreiningur ríkt um gildissvið þeirra.

Árangur af umhirðu varps í Breiðafirði var tíundaður í grein sem birtist í lok árs 1773 og vísað í eggjatínglu og dúntekju Boga Benediktssonar í því samhengi.⁵⁷ Bogi var annar afkomandi Jóns Péturssonar sem nefndur var að

⁵⁴ Sama rit, bls. 218.

⁵⁵ Sama rit, bls. 217.

⁵⁶ Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, 1943/1772, bls. 383.

⁵⁷ „Forbædringer“, *Islandske Maanedes Tidender* 1: 3/1773–1774, bls. 42–45. Þetta var fyrsta tímaritið sem gefið var út hér á landi.

framan en einnig eigandi Hrapseyjarprents sem var útgefandi greinarinnar og því líklegast einnig höfundur hennar. Í þessari umfjöllun greindi höfundur frá þeim árangri sem hlotist hafði af friðun æðarfuglsins í Noregi, en með tilskipun þess efnis árið 1733 hafði bann verið lagt við veiðum á æðarfugli og eggjatöku alls staðar á norski grundu. Má af þessu sjá að hugmyndin um algera friðun æðarfuglsins var fyrir hendi hér á landi laust eftir 1770.

Ólafur Stephánsson, sem fyrr var getið, greindi einnig frá því að dráp á æðarfugli hefði færst í vöxt. Bæði væri fuglinn snaraður og skotinn, en eins flæktist hann í netum. Í framhaldi af þeirri umfjöllun mælti Ólafur fyrir friðun æðarfuglsins sem þó myndi heimila eggjatöku:

Þat skyldi gledja mig stórum, ef eitt konúngligt forbod mætti verda útgefid, í hverju allt æðarfuglsdráp væri alvarliga aftekid og skot öll í varpplátunum, líkt því sem útgefid er fyri Noregs ríki; en egg mundi ei meiga banna at taka í hófi, þar þau þéna fólki til fædis, og eru opt, þá hardæri er, þess hellzta lífsbjörg á vortímanum, einkanliga í Þingeyarsýslu.⁵⁸

Þetta sama ár, 1783, birti Lærdómslistafélagið tilkynningu þess efnis að konungur hefði ákveðið að veita til reynslu í nokkur ár verðlaun fyrir „at rækta æðarvarp og auka dúnafli“.⁵⁹ Konungleg verðlaun höfðu þegar verið veitt frá árinu 1781 „til framqvæmdar ýmisligum greinum bústjórnar og bjargrædis á Íslandi“.⁶⁰ Fram að þessu höfðu verðlaun verið veitt meðal annars vegna jarðnytja, fiskveiða, vefnaðar og spuna, svo dæmi séu tekin. Hugmyndin um markvissa uppbyggingu æðarvarps til dúntekju var sett fram á þessum tímapunkti sem eitt af þeim úrræðum sem beita mætti til viðreisnar efnahags landsmanna, og þá sem mótsvar við þeim harðindum sem dundu yfir þjóðina í kjölfar Skaftárelda.⁶¹ Ofangreind tilkynning um verðlaun sem birtist í riti Lærdómslistafélagsins var í samræmi við konunglega tilskipun.⁶² Athygli vekur að í tilskipuninni sjálfri var talað um friðun æðarfuglsins: „Æðerfuglens Fredning og Æðerdunens Formerelse“⁶³ og má af því draga þá ályktun

⁵⁸ Ólafur Stephánsson, „Um æðarvarp“, 1783, bls. 232–233.

⁵⁹ *Rit þess Íslenska Lærdómslistafélags*, 4/1784, bls. 312.

⁶⁰ *Rit þess Íslenska Lærdómslistafélags*, 2/1782, bls. 263.

⁶¹ „Kongelig Resolution ang. Adskillige Foranstaltninger i Island, 22. Juni 1785“, *Lovsamling for Island, femte bind, 1784–1791*, Kjöbenhavn: Høst, 1853, bls. 216–221.

⁶² „Kongelig Resolution ang. Foranstaltninger til Landvæsenets og Fiskeriets Fremme i Island, 19. April 1784“, *Lovsamling for Island, femte bind, 1784–1791*, bls. 46–48.

⁶³ Sama rit, bls. 47.

að í Rentukammerinu í Kristjánsborg hafi verið litið svo á að friðun æðarfuglsins væri forsenda fyrir meiri dúntekju.

Hvers vegna orðalag um friðun rataði ekki inn í íslensku tilkynninguna er umhugsunarvert.

Gera má sér í hugarlund að sú fyrirmynd friðunar sem finna mátti í Norgei, þar sem eggjataka var bönnuð með öllu, hafi ekki hugnast mönnum, enda var eggjataka enn mikilvæg hlunnindi á þessum tíma. Það átti líka eftir að koma í ljós þegar fram liðu stundir, til dæmis í aðdraganda fyrstu fugla-verndunarlaganna á síðari hluta 19. aldar, að eggjataka var friðunarhugmyndum fjötur um fót. Einnig má leiða að því líkur að landeigendum þeim sem réðu yfir æðarvarpi hafi ekki litist vel á þá hugmynd að gefa veiðar á fuglinum alfarið upp á bátinn.

En hvað sem því líður hentu Íslendingar á lofti hugmyndina um verðlaun fyrir æðarrækt og voru fyrstu verðlaunin veitt árið 1785. Þeir sem þau hlutu voru annars vegar Pétur Arnsted á Höskuldsnesi í Þingeyjarsýslu sem fékk 4 ríkisdali fyrir að hafa stækkað hólma í stöðuvatni á landareign sinni; og hins vegar Jón Jónsson á Hólmakoti í Mýrasýslu sem fékk 10 ríkisdali fyrir að hafa um margra ára bil stuðlað að uppgangi æðarvarps í sínu landi, meðal annars með því að byggja upp hólma og innréttu hann fyrir æðarfuglinn.⁶⁴

Til að undirstrika mikilvægi æðarræktarinnar sem eins af bjargræðisvegum þjóðarinnar var í *Tilskipun um kauphöndlun og skipaferð*, sem gefin var út 13. júní 1787 í tengslum við afnám einokunarverslunar á Íslandi, ákvæði um rækt og verndun æðarfuglsins sem ætlað var að styðja við bakið á varp-eigendum. Þar segir meðal annars:

En enginn, hvört heldur hann er útlendur eður af landsins innbyggjendum, má skjóta æðarfugl elligar veiða hann með netjum, snörum eður hundum undir 3 marka sekt fyrir hvörn fugl; hvar að auki sá sem verið hefir með og ekki strax auglýsti það, skal gjalda helmingi minna, og af þeim bótum fær sá, er uppvíst gjörir, $\frac{2}{3}$ og fátækir í sveitinni hinn $\frac{1}{3}$, þegar búið er að draga þann kostnað frá, sem gengið hefir til rannsóknar málsins; nema það sé í eigin landeign og svo, að enginn nágranni líði skaða.⁶⁵

⁶⁴ *Rit þess Íslenska Lærdómslistafélags*, 5/1785, bls. 284–285. Sjá einnig umfjöllun í Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarbættir*, V. bindi, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningar-sjóðs, 1986.

⁶⁵ „Forordning um þá íslenzku kauphöndlun og skipaferð. Gefin á Christiansborgar sloti þann 13. Junii 1787“, *Lög-þingis bókin, innibaldandi það, sem gjörðist og framfór fyrir lög-þingis-réttinum, Anno 1788*, Hrappsey: Það nýja konungl. privilegeraða

Eins og fram hefur komið hafði dráp á æðarfugli valdið samdrætti í stofnstærð, að minnsta kosti á suðvesturhorni landsins, ef marka má Ferðabók Eggerts og Bjarna. En ef vafi hafði leikið á því hvort dráp á æðarfugli væri löglegt eða ekki, þá var þeim vafa eytt og staðfest sú almenna regla að slíkt væri bannað. En um leið var sú túlkun á lagabókstaf Jónsbókar staðfest að landeigendur væru undanþegnir þessu banni, og að þeir mættu í raun og sann veiða æðarfugl á eigin landi ef það skaðaði ekki hagsmuni nágrannanna. Árið 1808 þótti ástæða til að áréttu friðhelgi æðarfuglsins,⁶⁶ í framhaldi af almennri hvatningu til landsmanna um að veiða sér fugla til matar á tímum erfiðleika og hungursneyðar sem fylgdi í kjölfar árásar Breta á Kaupmannahöfn og aðildar Dana að Napoleonsstyrjöldunum.

Lesi má úr tíðindum frá danska Kansellíinu á þessum tíma⁶⁷ að þörf hafi verið talin á betri og ítarlegri löggjöf, ekki aðeins varðandi nýtingu og friðun æðarfuglsins, heldur einnig fyrir veiðar almennt. Á meðan slíkri löggjöf var ekki til að dreifa var árið 1816 gefin út enn ein konunglega tilskipunin um þetta efni.⁶⁸ Þessi innihélt fleiri og ítarlegri friðunarákvæði en sést höfðu fram að þessu; meðal annars var kveðið á um opinbera friðlýsingu æðarvarpa, sem og annarra mikilsverðra varpsvæða. Á þessum forsendum birtist tilkynning frá Peter Fjeldsted Hoppe amtmanni árið 1825, þar sem því var lýst yfir að Viðey, Engey og Akurey væru friðlýstir varpstaðir.⁶⁹

Endurteknar tilskipanir og vaxandi viðurlög við lagabrotum sýna að hugmyndin um verndun æðarfuglsins féll víða í grýttan jarðveg, því veiðum línnti ekki. Í byrjun 19. aldar hafði verð á æðardúni hækkað allnokkuð⁷⁰ og var hann orðinn mikilvæg útflutningsvara. Hinar verðmætu nytjar af æðardúni hjálpuðu til við verndun fuglsins, þá sérstaklega meðal landeigenda þar sem það var ábatasamt að koma upp æðarvarpi. Mismunandi túlkun á laga-bókstafnum og tilvísanir í úrelt lagaákvæði ýttu undir tvíþentan skilning á lögnum, sem leiddi til viðvarandi veiða á fuglinum.

bókaþrykkerie, 1788. Endurútgæfið í *Alþingisbækur Íslands XVI, 1781–1790*, Reykjavík: Prensmiðjan Steinholt, 1986, bls. 403–546, hér bls. 437.

⁶⁶ „Kongelig Resolution ang. nogle Foranstaltninger vedkommende Islands Tarv., 21. Juli 1808“, *Lovsamling for Island, syvende bind, 1806–1818*, Kjöbenhavn: Høst, 1857, bls. 190–196.

⁶⁷ *Lovsamling for Island, syvende bind, 1806–1818*.

⁶⁸ „Kongelig Resolution ang. Fredning af Værpesteder og Sælhundefangst i Island, 17. Juli 1816“, *Lovsamling for Island, syvende bind, 1806–1818*, bls. 608–610.

⁶⁹ „Stiftamts-Plakat ang. Indskjærpelse af Lovene om Æderfugles Fredning, 1. Juni 1825“, *Lovsamling for Island, ottende bind, 1819–1825*, Kjöbenhavn: Høst, bls. 678–681.

⁷⁰ *Hagskinna*, bls. 429.

Árið 1845, þegar endurreist Alþingi Íslendinga kom fyrst saman sem ráðgefandi fulltrúaðing, tók þingið til umfjöllunar bænaskrár, sem þinginu höfðu borist frá Eyjarfjarðarsýslu og báðum Þingeyjarsýslum,⁷¹ þess efnis að útvegað yrði lagaboð um friðun æðarfugls alls staðar á Íslandi. Þingið áframsendi þá bænaskrá til löggjafans í Kaupmannahöfn og á grundvelli þess var gefið út opið bréf, árið 1847, þar sem meðal annars sagði:

Enginn má nokkurstaðar á Íslandi drepa æðarfugl, á sjó eða landi, á sinni jörð eða annarra, með skotum eða hundum, eða netjum, eða nokkrum öðrum hætti.⁷²

Með þessu mátti ljóst vera að ákvæði þess efnis að landeigendur mættu veiða æðarfugl á eigin landi var úr gildi numið. Lagaákvæði þessu var ætlað að gilda tímabundið eða þar til ný veiðilög, sem þá voru í vinnslu, yrðu sett. Og sama ár var einmitt frumvarp til veiðilaga lagt fyrir Alþingi. Það varð að lögum árið 1849 sem *Tilskipun um veiði á Íslandi* og var þetta ákvæði þar orðrétt.⁷³

Þannig var alfriðun æðarfuglsins í lög leidd með ótvíræðum hætti. Einnig voru þarna ákvæði sem vernduðu varpsvæði æðarfugla. Til dæmis voru takmörk sett á lagningu veiðineta úti fyrir eggverum og bannað var að skjóta úr fallbyssum og öðrum byssum nálægt þeim.⁷⁴ Æðarfuglinn var þannig fyrsta fuglategundin á Íslandi sem var friðuð fyrir allri veiði. Augljóst er að þær forsendur sem lágu til grundvallar friðuninni á sínum tíma voru að vernda efnahagslega hagsmuni. Þó er rétt að taka fram að umræðan um hið efnahagslega gildi æðarfuglsins virðist hafa opnað fyrir skilning á þeim þáttum sem almennt má telja mikilvæga í verndun fugla, það er verndun eggja og varpsvæða, sem í dag má líta á sem búsvæðaverndun. Þessi atriði, og þá sérstaklega það sem viðvíkur eggjum, áttu eftir að skipta sköpum þegar fyrstu frumvörp til almennra fuglaverndunarlagu voru tekin fyrir á Alþingi, nokkrum árum síðar.

⁷¹ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga – Fyrsta þing 1. Júlí til 5. Augúst 1845*, Reykjavík: Alþingi, bls. 93 og 292–293.

⁷² „Midlertidig Plakat for Island ang. fuldkommen fredlysning af Ederfugle – Opið bréf, er fyrst um sinn lögleiðir fulla friðhelgi æðarfugls á Íslandi, 21. April 1847“, *Lovsamling for Island, trettende bind, 1844–1847*, Kjöbenhavn: Høst, bls. 672–674, hér bls. 674.

⁷³ „Anordning om Jagten i Island – Tilskipun um veiði á Íslandi, 20. Juni 1849“, *Lovsamling for Island, fjortende bind, 1848–1850*, Kjöbenhavn: Høst, bls. 307–321, hér bls. 318.

⁷⁴ Sama rit, bls. 318–319.

Almenn fuglafriðunarlög

Með nýrri stjórnarskrá frá árinu 1874 og því löggjafarvaldi sem henni fylgdi kom Alþingi saman sem löggjafarþing í fyrsta sinn árið 1875. Þá strax kom í ljós að vilji var meðal þingamanna fyrir almennari friðun fugla en kveðið var á um í veiðilögum frá 1849, það er að friða fleiri tegundir en æðarfuglinn, og tóku fyrstu fuglafriðunarlögin gildi sjö árum síðar, árið 1882. Áður en til þess kom höfðu þrjú lagafrumvörp þess efnis verið lögð fram – og felld. Þær umræður sem sköpuðust í þingsölum um efni þessara frumvarpa, þá sérstaklega hið þriðja þeirra, geyma upplýsingar um þær margvíslegu hugmyndir sem uppi voru um friðun fugla á þessum tíma. Þannig leiðir rýni á þessum heimildum í ljós að skiptar skoðanir voru um hvaða fuglategundir ætti að friða, á hvaða forsendum ætti að friða þær, fyrir hverjum ætti að friða þær og hvernig standa ætti að friðun þeirra.

Páll Pálsson, prestur og fyrsti þingmaður Skaftfellinga, lagði strax á 1. löggjafarþingi Alþingis fram „Frumvarp til laga um friðun á fuglum“.⁷⁵ Frumvarpið var frekar einfalt í sniðum, það innihélt þrjár greinar og kvað sú fyrsta á um að enginn mætti skjóta fugla frá 1. maí til 1. ágúst, að undanskildum hröfnum og ránfuglum. Frumvarpið var tekið einu sinni til umræðu, en fellt, meðal annars á þeim forsendum að von væri á yfirgripsmeira frumvarpi um þetta efni.

Á 2. löggjafarþingi Alþingis, árið 1877, lagði Páll öðru sinni fram „Frumvarp til laga um friðun á fugli“,⁷⁶ sem var mjög sambærilegt hinu fyrra nema hvað tímabil friðunar hafði aðeins styst: Það skyldi hefjast 10. maí og standa til 1. ágúst. Einnig voru í þessu frumvarpi taldir upp fleiri fuglar sem skyldu undanskildir friðun, það er „ernir, hrafnar, og allir aðrir hræ- og ránfuglar“.⁷⁷ Engar umræður urðu um þetta frumvarp, því Páll dró sjálfur frumvarpið til baka á þeim forsendum að von væri á öðru sambærilegu frumvarpi. Þær ástæður sem Páll tilgreindi síðar fyrir þessum tveimur frumvörpum sínum voru að honum „hefði sárnað, að sjá hálfvaxna unga eða fugla á eggjum og í sárum tekna og drepna“.⁷⁸ Þannig má leiða að því líkur að mannúðarástæður hafi legið til grundvallar hugmyndum Páls um almenna friðun fugla hluta úr ári.

⁷⁵ „Frumvarp til laga um friðun á fuglum“, *Alþingistíðindi 1875 II*, annað bindi, bls. 192–193.

⁷⁶ „Frumvarp til laga um friðun á fugli“, *Alþingistíðindi 1877 II*, bls. 453.

⁷⁷ Sama rit, bls. 453.

⁷⁸ *Alþingistíðindi 1877 II*, bls. 560.

Á þessu sama þingi lögðu þeir Árni Thorsteinsson, konungskjörinn þingmaður, og Eiríkur Kúld, þingmaður Barðstrendinga, fram „Frumvarp til laga um friðun fugla á Íslandi“.⁷⁹ Frumvarpið var ögn ítarlegra en hin fyrri tvö. Rétt eins og í fyrri frumvörpum var hér kveðið á um friðun fugla yfir ákveðið tímabil, og tilgreint að um væri að ræða varptímamann. Skilgreining tímabilsins tók því að vissu marki tillit til ólíks varptíma tegunda. Þannig var vísað sérstaklega til varptíma rjúpu og grágæsar, en annars voru sömu tíma-ákvæði um „aðra fugla, sem til mannelis eru hæfir“.⁸⁰ Jafnframt voru taldar upp þær tegundir sem skyldu ófriðhelgar, sem voru: „gripfuglar, ernir, valir, smyrlar, hrafnar og kjóar“.⁸¹ Þessi fyrstu þrjú lagafrumvörp eiga það sammerkt að skipta fuglum upp í tvo flokka. Annars vegar eru fuglar sem njóta tímabundinnar friðunar og samkvæmt þriðja frumvarpinu er þar um nytja-fugla að ræða, og hins vegar eru fuglar sem eru ófriðhelgir hvar og hvenær sem er.

Aðaltilgangur þriðja frumvarpsins var, að sögn flutningsmanna þess, „að verja ýmsa arðsama fugla um vissan tíma ofsókn og ágangi“.⁸² Töldu þeir verkefnið brýnt því „eigi væri annað sýnna, en að farfuglar, og einkum rjúpur mundu gjöreyðast, ef haldið væri áfram að skjóta þá og drepa, meðan þeir væru að para sig og hreiðra, og ungarnir eigi fullvaxnir“.⁸³ Frumvarp þeirra Eiríks og Árna byggði þannig á öðrum forsendum en frumvörp Páls, nefnilega nýtingarsjónarmiðum þess eðlis að skynsamlegt væri að vernda arðsama fugla þannig að nytjar þeirra myndu eigi skerðast til framtíðar. Í ljósi þessa komst sú nefnd sem fjallaði fyrst um frumvarpið, og var skipuð þeim Eiríki og Árna, auk Ásgeirs Einarssonar, þingmanns Húnvetninga, að þeirri niðurstöðu að frumvarpið næði til of margra tegunda, og lagði því til að frumvarpinu yrði breytt á þann veg að þær tegundir sem skyldu njóta friðunar yfir varptímamann væru: „rjúpur, tjaldar, lóur allar, spóar og endur.“⁸⁴ Nefndin gat þess jafnframt að almenn friðun fugla myndi ganga of nærri eignarrétti einstakra manna.⁸⁵

Ólíkar ástæður lágu eftir sem áður fyrir vali þessara tegunda. Hvað varðar rjúpunu var talið nauðsynlegt að friða hana yfir varptímamann, „því að þá væri

⁷⁹ Sama rit, bls. 549–569.

⁸⁰ Sama rit, bls. 549.

⁸¹ Sama rit, bls. 549.

⁸² Sama rit, bls. 552.

⁸³ Sama rit, bls. 550.

⁸⁴ Sama rit, bls. 552.

⁸⁵ Sama rit, bls. 552.

skaðlegast að skjóta hana og ómannlegast“.⁸⁶ Tjaldurinn var hins vegar tilgreindur „af því að hann þætti einkar-góður í varpi til að verja ránfuglum“.⁸⁷ Spóa og lóur, nánar tiltekið lóur, lóupræla, sandlóur og fleiri farfugla, væri nauðsynlegt að friða „sakir þess, að þeir eyddu ormum, og að skjóta þá um varptímamann væri til að eyðileggja þá og spilla veiði þeirra um þann tíma, er þá mætti veiða að skaðlausu“.⁸⁸ Var í þessu sambandi jafnframt vísað til þess að sést hefði til Frakka á fuglaveiðum. Endur voru hins vegar tiltekna sérstaklega með tilliti til Mývetninga, þar sem dúnn þeirra væri nýttur í sængur þar um slóðir þótt ekki væri hann útflutningsvara.

Þótt rökin fyrir friðun þessara fugla byggðu mestmegnis á sjónarmiðum nýtingar er áhugavert að sjá að það voru ekki endilega nytjar af tegundunum sjálfum sem lágu til grundvallar. Til að mynda þjónaði tillagan um tjaldinn þeim tilgangi að vernda nytjar annarra tegunda, sem sagt til að styðja við æðarrækt. Og að einhverju leyti virðist tillagan um friðun á lóum og spóum byggja á sambærilegum rökum.

Úr orðum flutningsmanna frumvarpsins má einnig lesa að hugmyndin um mögulegan útdauða tegunda var partur af orðræðu þingmanna um fuglafriðun. Slík sjónarmið komu fram hjá fleirum. Einn þingmaður vísaði til þess að hafa heyrt eldri menn tala um hve fuglum hefði fækkað, og að „rjúpan væri að deyja út, af því hver, sem vildi, mætti drepa hana“.⁸⁹ Vísaði sá sami jafnframt til þess að „víða erlendis væru fuglar friðaðir, og sumstaðar smáfuglar, þar eð það þætti hjer um bil fullsannað, að þeir gjörðu hið mesta gagn með því að eyða ormum og öðrum skaðlegum smákvikindum“.⁹⁰ Athygli vekur í þessu samhengi að aldrei var minnst á geirfuglinn í þessum umræðum árið 1881. Þingmönnum hefur þó eflaust verið kunnugt um að síðasta geirfuglsparið var drepit við Íslandsstrendur aðeins 33 árum áður,⁹¹ því útdauði tegundarinnar og ábyrgð Íslendinga þar að lútandi var til umfjöllunar í tímaritinu *Norðanfara* tveimur árum fyrr, árið 1875.⁹² En hvort,

⁸⁶ Sama rit, bls. 552.

⁸⁷ Sama rit, bls. 552.

⁸⁸ Sama rit, bls. 552.

⁸⁹ Sama rit, bls. 550.

⁹⁰ Sama rit, bls. 550.

⁹¹ Sjá Jeremy Gaskell, *Who Killed the Great Auk?*, Oxford: Oxford University Press, 2000. Sjá einnig umfjöllun um geirfuglinn sem safngrip í Katla Kjartansdóttir, „The changing symbolic meaning of the extinct great auk and its afterlife as a museum object at the Natural History Museum of Denmark“, *Nordisk Museologi* 2/2019, bls. 41–56.

⁹² Vakandi, „Um æðarfugladráp“, *Norðanfari* 14: 27–28/19. maí 1875, bls. 57–58, hér bls. 58.

og að hve miklu leyti sú þekking hefur mótað hugmyndir þeirra er erfitt að segja til um.

Í þessu þriðja fuglafrumvarpi var einnig að finna ákvæði um að bann við veiði skyldi ekki ná „til fugltekjueiganda eða umráðanda að varplöndum, sem friðlýst eru“.⁹³ Létu flutningsmenn frumvarpsins hafa eftir sér að „frumvarpið stefndi að því, að þeir gætu notið sömu hagsmuna sem áður af fuglategju sinni, sem væri sjerstök eign þeirra“.⁹⁴ Um þetta spunnust miklar umræður og sýndist sitt hverjum. Athygli vekur að eftir því sem umræðunum vatt fram snerust þær í vaxandi mæli um æðarrækt, jafnvel þótt æðarfuglinn væri þegar friðaður fyrir allri veiði. Annars vegar komu þau sjónarmið fram að umráðamenn lands með æðarvarpi ættu að hafa rétt á að nýta sér varpsvæðið að vild, þar á meðal að veiða fuglinn, taka eggin og dúninn úr hreiðrinu. Bann við einhverju af þessu væri skerðing á eignarrétti þeirra. Hins vegar kom fram það sjónarhorn að eignarréttur landeigandans næði ekki til fuglsins. Þar sem æðarfuglinn væri villtur væri hann í eigu almennings. Æðarfuglinn veldi sér sjálfur stað til að verpa á og því væri æðarrækt ekki aðeins hagsmunamál núverandi landeigenda yfir tilteknum svæðum, heldur einnig almennings, sem í framtíðinni gæti haft hag af útbreiðslu tegundarinnar, sérstaklega með tilliti til útflutningstekna af æðardúni. Því væri ekki rétt að undanskilja landeigendur frá lögunum. Verndun æðarfugls ætti þar að auki að miða að því að fjölga einstaklingum innan tegundarinnar. Því væri rétt að vernda bæði fuglinn og egg hans, og allt þetta yrði í þágu almannahagsmuna.

Hagsmunir tengdir eggjatöku stýrðu umræðunni að miklu leyti þegar á leið. Þeir vörðuðu ekki síst egg æðarfuglsins en einnig egg annarra tegunda. Nokkrar breytingartillögur voru bornar fram, þar á meðal þess efnis að ekki mætti fjarlægja egg úr hreiðrum æðarfugls og rjúpu. Hugmyndin um bann við eggjatöku byggði umfram allt á þeirri ætlan að tryggja fjölgun fuglsins, enda væru eggin „ekki annað en æðarfugl í sköpun“.⁹⁵ En umræðan um eggjatöku leiddi einnig fram ýmis önnur sjónarmið, meðal annars um gagnsemi þess fyrir æðarrækt að fjarlægja nokkur egg úr hreiðrum. Heilt á litið má segja að umræðurnar hafi leitt í ljós að forsendan á bak við hugmyndina um friðun æðarfuglsins hafi verið löngun til að móta náttúruna með þeim hætti að maðurinn gæti hagnast sem mest á henni. Þessi forsenda birtist með ýmsu móti. Fjölgun einstaklinga innan tegundarinnar er

⁹³ *Alþingistíðindi 1877 II*, bls. 549.

⁹⁴ Sama rit, bls. 550–551.

⁹⁵ Þannig komst Einar Ásmundsson, alþingismaður Eyfirðinga, að orði. Sjá *Alþingistíðindi I*, 1881, bls. 559.

ein birtingarmyndin, önnur er að skilgreina ófriðaða grip- og ránfugla, þar sem þeir gætu valdið skaða í æðarvarpi. Þessi hugmyndafræði birtist líka í breytingartillögum þar sem friðun nokkurra tegunda var rökstudd. Eftir miklar umræður var frumvarpið fellt. Það sem sérstaklega varð því að falli var viðbótarákvæðið sem bannaði eggjatöku.

En fræinu hafði verið sáð og fjórum árið síðar, á 4. löggjafarþingi Alþingis árið 1881, lagði Eiríkur Kúld frumvarpið fram að nýju, í aðeins breyttri mynd, sem *Frumvarp til laga um friðun fugla*.⁹⁶ Hafði það augljóslega tekið breytingum til batnaðar við umræður um fyrra frumvarpið. Bæði var það ítarlegra en fyrri frumvörp, taldi alls sjö greinar, en einnig var þar komið ákvæði um bann við eggjatöku frá æðarfugli og rjúpu, sem ná skyldi jafnt til varpeigenda sem annarra. Umræðurnar sem spunnust um þetta frumvarp voru af mjög svipuðum toga þegar kom að æðarfuglinum, en þær urðu líka víðtækari; náðu til fleiri tegunda og fleiri sjónarhorna. Þannig var sú breyting gerð á frumvarpinu að leggja til heilsársfriðun á nokkrum tegundum fugla. Það væri þó ofsögum sagt að segja að þingmenn hafi verið samhuga um innihald frumvarpsins, en Eiríki var umhugað um að það gengi í gegn og samþykkti því breytingartillögu sem gerð hafði verið um að fella niður það ákvæði sem bannaði eggjatöku.

Og þannig atvikaðist það að Alþingi Íslendinga samþykkti fyrstu almennu fuglafriðunarlögin, í mjög einfaldri mynd, sem *Lög um friðun fugla og breindýra*.⁹⁷ Þau tóku gildi 17. mars árið 1882. Með þessum lögum voru allir spörfuglar friðaðir árið um kring, sem og krían. Af umræðum að dæma byggði friðun spörfugla einkum á mannúðarástæðum, en á það var minnst að spörfuglar væru einkum drepnir af erlendum ferðamönnum, sem veiddu þá sér til gamans. Krían var aftur á móti vernduð vegna gagnsemi hennar, þar eð árásargirni fuglsins hjálpaði til við að halda ránfuglum frá æðarvarpi. Í lögnum kom fram að fyrir utan hræfugla, gripfugla, lunda og bjargfugl, þá voru allir aðrir fuglar friðhelgir frá 1. maí til 20. ágúst.

Lögin frá 1882 skiptu fuglum landsins þannig í þrjá hópa: Fugla sem

⁹⁶ *Alþingistiðindi I*, fyrra bindi, 1881, bls. 52–53.

⁹⁷ *Lög um friðun fugla og breindýra*, nr. 6/1882. Lögin töldu alls fjórar greinar. Tvær þeirra fjölluðu um fugla og ein um hreindýr. Ástæðan fyrir tilkomu hreindýranna í þennan lagatexta var einkum og sér í lagi tæknilegs eðlis. Ekki hafði náðst að afgreiða annað frumvarp sem snerist um friðun hreindýra. Eftir sem áður voru í því ákvæði sem sátt var um og almennt var talið mikilvægt að fram næðu að ganga. Til að ná fram friðun hreindýra á þessu þingi var ákvæði þar að lútandi bætt við fuglafriðunarlögin á elleftu stundu. Sjá einnig umfjöllun í Unnur Birna Karlsdóttir, *Öræfahjörðin – Saga breindýra á Íslandi*, Reykjavík: Sögufélag, 2019.

voru alfriðaðir, fugla sem voru friðaðir hluta ársins, og fugla sem voru undanskildir lögunum og sem mátti því veiða í samræmi við *Tilskipun um veiði á Íslandi* frá 1849. Þessi niðurstaða fékkst ekki þrautalaust. Ýmsir á Alþingi vildu ganga skrefinu lengra og nefna ákveðnar tegundir, þá sérstaklega meðal ránfugla og hræfugla, og skilgreina þær sem ófriðaðar, alltaf og alls staðar, burtséð frá ákvæðum í *Tilskipun um veiði á Íslandi*. Það skref var síðar stigið í áföngum, fyrst með breytingu á lögunum árið 1885,⁹⁸ og síðar með nýjum fuglafriðunarlögum árið 1903⁹⁹ þar sem tegundir í hverjum hinna þriggja flokka voru taldar upp. Í umræðum á Alþingi árið 1901¹⁰⁰ voru þessir flokkar nefndir „skaðlausir fuglar“, „arðfuglar“, og „skaðlegir fuglar“. Nafngiftirnar einar og sér undirstrika það mannhverfa sjónarmið sem lá til grundvallar flokkun fugla og fuglavernd um aldamótin 1900.

Árið 1913 voru lögin endurskoðuð enn á ný.¹⁰¹ Með nýjum lögum voru loksins friðuð egg þeirra fuglategunda sem friðaðar voru samkvæmt sömu lögum, fyrir utan egg kríunnar. Auk þess voru egg rjúpunnar friðuð, þótt hún sjálf félli í flokk hálffriðaðra fugla. Og eins voru egg arnarins friðuð, en með nýju lögum naut hann tímabundinn alfriðunar.

Af umræðum við frumvörp til nýrra laga um fuglafriðun, á árunum 1901,¹⁰² 1903¹⁰³ og 1913,¹⁰⁴ má sjá að smátt og smátt koma fleiri rök inn í umræðuna. Ótti við útrýmingu og tegundadauða varð sýnilegri í orðræðunni, en einnig komu þjóðlegar og fagurferðilegar¹⁰⁵ forsendur til sögunnar.¹⁰⁶ Á

⁹⁸ *Lög um breytingu á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og breindýra*, nr. 33/1885.

⁹⁹ *Lög um friðun fugla*, nr. 50/1903.

¹⁰⁰ *Alþingistíðindi B*, 1901.

¹⁰¹ *Lög um friðun fugla og eggja*, nr. 59/1913.

¹⁰² *Alþingistíðindi B*, 1901.

¹⁰³ *Alþingistíðindi B*, 1903, bls. 1071–1102.

¹⁰⁴ *Alþingistíðindi B II*, umræður í efri deild, 1913.

¹⁰⁵ Um merkingu þessa hugtaks er fjallað í Edda R. H. Waage og Guðbjörg R. Jóhannsdóttir, „Að fanga fagurferðilegt gildi landslags – Þróun aðferðafræði í rannsóknnum við mat á landslagi“, *Ritið* 3/2019, bls. 95–130, hér bls. 108–109.

¹⁰⁶ Sjá umfjöllun um friðun álfatarinnar í Shauna Laurel Jones, Edda R. H. Waage og Karl Benediktsson, „Himnesk rödd en helvískur andi? – Um friðun álfatar á Íslandi og nýlega árekstra álfata og kornbænda“, *Ritið* 3/2019, bls. 9–44. Umfjöllun um fuglafriðunarlögin almennt má einnig finna í Menja von Schmalensee, Auður Lilja Arnþórsdóttir, Hildur Vesteinsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Páll Hersteinsson, Sigmar B. Hauksson, Tómas Grétar Gunnarsson og Þórunn Elfa Sæmundsdóttir, *Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur*, skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra, 2013, bls. 24–33.

fyrstu tveimur áratugum 20. aldarinnar voru allnokkrir fuglar færðir á milli hinna þriggja flokka. Að einhverju leyti virðast mannhverf nytjarök hafa vikið fyrir lífhverfum friðunarrökum.¹⁰⁷

Ástæða er til að vekja athygli á þeirri staðreynd að þrátt fyrir mikilvægt hlutverk æðarfuglsins í mótun fyrstu fuglafriðunarlaganna árið 1881 var þetta sú eina fuglategund sem var undanskilin öllum ákvæðum laganna þegar fuglafriðunarlögin voru loks sett. Var það gert á þeim forsendum að um hann væri þegar fjallað í *Tilskipun um veiði á Íslandi*. Sérlæg um friðun æðarfugla voru samþykkt árið 1913¹⁰⁸ og endurnýjuð árið 1941.¹⁰⁹ Það var ekki fyrir en með nýjum lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, árið 1954,¹¹⁰ sem var fjallað um æðarfuglinn í almennum fuglafriðunarlögum. Þrátt fyrir leiðandi hlutverk í umræðunni um bann við eggjatöku hafa egg æðarfuglsins aldrei verið friðuð, heldur hafa landeigendur alla tíð getað tekið egg úr hreiðrum, þótt kvaðir þar að lútandi hafi verið settar í gegnum friðunarlög.

Að lokum: Æðarfuglinn sem gerandi í þróun fuglaverndar á Íslandi

Æðarfugl hefur verið nytjafugl hér á landi allt frá landnámi. Landsmenn hafa lagt sér kjöt fuglsins til munns og jafnframt stundað eggjatöku og dúntekju. Í sjálfsþurftasamfélaginu var fuglinn lífsbjörg, frekar en beinlínis auðlind.¹¹¹ Það var ekki fyrir en á 17. öldinni sem farið var að sinna varpi til að auka dúntekjuna, enda höfðu menn þá lært að hreinsa dúninn með sæmlega skilvirkum aðferðum. Textar frá 18. öld veita góða innsýn í hugmyndir þeirrar tíðar manna um æðarfuglinn, sem og um önnur dýr hinnar villtu náttúru sem hafa áhrif á æðarfuglastofninn. Sambærilegar heimildir eru ekki til frá fyrri öldum og því er ekki hægt byggja þá ályktun að hugmyndir manna hafi breyst í tímans rás á samanburði við orðræðu fyrri tíma. Þó má ætla að vegna tilkomu dúns sem alþjóðlegrar verslunarvöru hafi áherslan

¹⁰⁷ Sjá umfjöllun um þessi hugtök í Þorvarður Árnason, „Náttúran sem siðfræðilegt viðfangsefni“, *Landabréfið* 18-19/2002, bls. 58–65, hér bls. 60–62.

¹⁰⁸ *Lög um friðun æðarfugla*, nr. 58/1913.

¹⁰⁹ *Lög um friðun æðarfugls*, nr. 74/1941.

¹¹⁰ *Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun*, nr. 63/1954.

¹¹¹ Athyglisverða hugleiðingu um hugtökin *lífsbjörg* og *auðlind* má finna í skrifum landfræðingsins Guðrúnar Ólafsdóttur um þróun byggðar í Breiðafjarðareyjum: Guðrún Ólafsdóttir, „Þankabrot í kringum kort – um byggð, lífsbjörg, auðlindir og ráðdeild“, *Yrkja - Afmælisrit til Vigdísar Finnbogadóttur*, Reykjavík: Iðunn, bls. 94–102, hér bls. 94.

í sambandi manns og æðarfugls færst úr þessu hreina nytjasambandi yfir í hið gagnvirka samband sem felst í æðarrækt. Ályktun þessari til stuðnings eru heimildir sem sýna hvernig verðmæti dúnns jókst, og þær heimildir frá 18. öld og síðar sem fjalla um æðarfuglinn og snúast ekki síst um að leiðbeina fólki um hvernig koma megi á fót æðarvarpi. Með öðrum orðum þá er það dúntekjan sem allt snýst um. Dúnninn er þegar þarna er komið sögu orðinn að auðlind.¹¹² Rétt er að hafa í huga í þessu samhengi að uppgangur æðarræktar átti sér stað á tíma upplýsingarinnar, þegar íslenskir menntamenn í Kaupmannahöfn einsettu sér að stuðla að framförum í landbúnaði og nýtingu hvers konar náttúrugæða, bæði til lífsbjargar og sem auðlinda, á hinu fátæka Íslandi.

Verslun með dún leiddi þegar fram liðu stundir til friðunar æðarfuglsins. Ákall um friðun kom fram þegar á 18. öld, en fuglinn var alfriðaður um miðja 19. öld. Friðun annarra fuglategunda kom nokkru síðar. Við höldum því fram að æðarfuglinn sjálfur eigi þar hlut að máli, sem virkur gerandi. Verndun æðarfuglsins setti fordæmi um verndun fugla af öðrum tegundum í gegnum þá orðræðu sem varð til í kringum æðarfuglinn og sem tók svipmót sitt af gagnvirku sambandi manns og æðar. Orðræða um æðarvarp, þar á meðal um nýtingu eggja, ekki síður en dúnns skilaði sér seinna meir inn í almenna löggjöf um friðun fugla.

Gerendahæfni æðarfuglsins kemur skýrast fram í gegnum áhrif hans á flokkun löggjafarvaldsins á öðrum fuglum. Í gegnum samskipti manna og æðar urðu þegar á þjóðveldisöld til lagalegar skilgreiningar á „góðum“ fuglum og „vondum“, þótt þessi hugtök væru að sjálfsögðu ekki notuð beint í lagatextunum. Mörk þessara flokka færðust dálítið til í aldanna rás. Á 19. öld töldust þeir fuglar góðir sem lagt gátu mönnum lið við að halda afræningjum frá æðarvarpi eða stuðluðu á annan hátt að betri afrakstri af varpinu. Að þeim beindist viðleitnin til friðunar í umræðunum í aðdraganda fyrstu fuglafriðunarlagna. Vondir voru þeir sem tóku toll af eggjum og ungum og fældu jafnvel æðarkollurnar af hreiðrum sínum. Þessir fengu ýmis samheiti – gripfuglar, klófuglar, vargfuglar, ránfuglar. Þeir nutu engrar friðunar að lögum. Loks varð til flokkur fugla sem engu máli skiptu hvað æðarvarp varðaði. Marga þeirra var enn unnt að veiða eða sækja í egg þeirra eftir að fyrstu fuglafriðunarlögin höfðu verið sett, en aðrir fengu nokkurs konar aukaaðild að flokki hinna góðu og voru settir undir algera friðun.

Á sinn hátt er orsakanna að sambandi manns og æðar einmitt að leita hjá

¹¹² Guðrún Ólafsdóttir, „Þankabrot í kringum kort“, bls. 100.

hinum sundurleita flokki vondu fuglanna: Það var þeirra vegna (og vegna annars afræningja, refsins) sem æðarfuglar og menn tóku upp þetta frekar óvenjulega samstarf. Æðurin sækir til manna skjól og vernd. Maðurinn reynir að fæla hina óaskilegu gesti frá með alls kyns skapandi aðferðum eða tekur sér vald yfir lífi þeirra. Hann heimtír leigu í formi dúns fyrir ofurlitla lóð og margvíslega veitta þjónustu.¹¹³ Með staðsetningu óvina æðarfuglsins í sérstökum hópi vondra fugla og sumra annarra í hópi hinna góðu í flokkunarkerfi fuglaverndar birtist svo gerendahæfni æðarfuglsins í enn einu formi. Örlög fugla geta ráðist af því í hvaða flokki tegundin hefur lent. Í hnotskurn sýnir þetta dæmi hvernig gerendatengsl í samskiptum manna og náttúru eru til muna flóknari en oftast er álitíð. Auk manna geta aðrar lífverur sannarlega komið ýmsu til leiðar, með beinum og óbeinum hætti, í gegnum slík tengsl.

Að sjálfsgöðu kom ýmislegt fleira við sögu þegar flokkunin tók á sig form í fuglafriðunarlögum 19. aldar. Hún mótaðist enn fremur áfram eftir því sem lögín voru endurskoðuð og tegundir færðust iðulega á milli flokka. Annars konar nýtjar af öðrum fuglum skiptu einnig máli. Hugmyndir um mannúð og rétta siðferðilega breytni höfðu enn fremur veruleg áhrif, eins og sást af málfutningi Páls Pálssonar. Síðari hluti 19. aldar var einmitt sá tími þegar slík sjónarmið komust mjög í umræðu. Síðast en ekki síst gerðu landsmenn sér í vaxandi mæli ljóst að óheft nýting gæti gengið mjög á stofna, jafnvel svo mjög að til útrýmingar þeirra gæti komið. Þannig var því varið með örninn, ránfugl sem á endanum var gengið svo nærri að hann var færður í flokk alfríðaðra fugla með sérlögum.

Og æðarfuglinum tókst líka að breyta fólkinu sjálfu. Þegar dúntekja tók að verða mikilvæg fyrir þá bændur sem höfðu aðgang að þessari auðlind virðist fólk hafa tekið upp nýja hugsun og hætti í samskiptum við fuglinn. Vaxandi máli skipti að bóndinn gæti ímyndað sér hvað æðarfuglinn kynni hugsanlega að meta og hvernig mætti gera honum til hæfis. Vænlegt var til árangurs að taka vel eftir hegðun fuglsins og reyna að hafa áhrif á atferli hans án þess að beita valdi. Tengsl manns og æðarfugls breyttust þannig úr því að önnur tegundin hefði óskorað vald yfir hinni yfir í samband þar sem báðir aðilar efna til samvinnu og hafa gagnkvæman hag af samskiptunum.

Umhugsunarvert er að þetta gerðist samfara aukinni þátttöku fyrrum

¹¹³ Marianne Lien, „Ducks into houses: domestication and its margins“, *Domestication Gone Wild: Politics and Practices of Multispecies Relations*, ritstj. Heather Anne Swanson, Marianne E. Lien og Gro Ween, Durham: Duke University Press, 2018, bls. 117–140.

sjálfsþurftarbænda í markaðshagkerfinu, með sölu hreinsaðs dúns. Algengara er í umhverfisorðræðu nútímans að sjálfsþurftarsamfélagið sé talið ólíklegra til að ofnýta auðlindir og umgangast dýr á nærfærnari hátt en oft er raunin í markaðshagkerfi. En að vísu voru æðarbændur 19. aldar aldrei neinir stórkapítalistar. Það er æðarbóndi nútímans ekki heldur, þrátt fyrir hátt verð vörunnar. Þótt um nytjasamband sé að ræða í grunninn, sem snýst um sölu á markaði, alþjóðlegum meira að segja, þarf bóndinn að lesa í hegðun fuglsins, setja sig inn í aðstæður hans og reyna að skilja hvernig hann bregst við umhverfi sínu.

Tilraunir voru snemma gerðar með alls kyns skjól og híbýli. Æðarrækt snýst enda að hluta til um að búa fuglinum heimili – *domus*.¹¹⁴ Það er því ekki að undra að um atferli fuglsins, þarfir hans og meintar langanir sé notað orðfæri sem minnir á mannlegt atferli, þarfir og langanir. Í skrifum Ólafs Stephássonar frá 18. öld, sem vitnað var til hér að framan, má sjá góð dæmi um þetta. Í nýlegum skrifum eru ábendingar til æðarræktandans um hvernig unnt sé að ‘skreyta’ varpið þannig að fuglinum finnist það aðlaðandi. Til viðbótar þeim ráðum sem Ólafur gaf hefur efnismenning síðari tíma aukið möguleikana:

- Klukkur (skips- eða skólaklukkur) hengdar á staur í varpinu og sérstakur búnaður látinn knýja kólfinn þegar vindur er.
- Útvarp sett í varplandið og látið ganga allan sólarhringinn þannig að vel heyrist um stórt svæði. ([S]umir hafa ákveðna skoðun á því hvaða útvarpsefni/- stöð - henti best.)

[...]

- Koma gerviaðarfuglum fyrir í varplandinu og á nærliggjandi tjörn-um eða vatni. Líkön þessi geta verið úr tré eða plasti og eru þá máluð í réttum litum. Eins hafa spjöld úr krossviði verið notuð þar sem litur og lögun eru höfð sem eðlilegust.¹¹⁵

Efnismenning æðarvarps í þessum skilningi lýsir mannhverfu sjónar-

¹¹⁴ Sjá David G. Anderson, Jan Peter Laurens Loovers, Sara Asu Schroer og Robert P. Wishart, „Architectures of domestication: on emplacing human-animal relations in the North“, *Journal of the Royal Anthropological Institute (N.S.)* 23/2017, bls. 398–418; Marianne Lien og John Law, „The salmon domus as a site of mediation“, *Animal housing and human-animal relations*, bls. 15–28. Sjálft orðið *domus* á sér djúpar rætur í indóevrópskum málum og myndar stofninn í hugtökum sem notuð eru á ýmsum málum yfir tamningu dýra. Íslenska sögnin *að temja* er af sumum talin sprottin af sömu rót. Sjá Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, Reykjavík: Orðabók Háskólans, bls. 1033.

¹¹⁵ Árni Snæbjörnsson, „Hirðing æðarvarps“, bls. 73.

horni. Hugtakið bendir á það hvernig maðurinn býr fuglinum aðstæður. En dæmið um æðarfuglinn gefur einnig tilefni til að víkka út hugmyndina um efnismenningu, því fuglinn sjálfur mótar að sjálfstöðu einnig umhverfi sitt. Efnismenning æðarvarps snertir þannig bæði fugl og mann; hreiðurgerðin er samvinnuverkefni þeirra. Fuglinn kemur með sína þekkingu á því hvernig gott hreiður á að vera þannig að það þjóni þeim tilgangi að vernda eggin sem best og halda á þeim hita. Maðurinn leggur honum að einhverju leyti til efniviðinn, auk þess að hanna umhverfið á þann hátt sem hann telur að fuglinum hugnist best. Efnismenning æðarvarps hefur þannig um langa hríð verið pósthúmanísk og verufræði þess er - svo notað sé vinsælt orðalag nú um stundir - verufræði tengsla.¹¹⁶ Æðarfuglinn er frá þessum sjónarhóli sannarlega ekki taminn, heldur er betra að líta á hann sem þátttakanda í oft tilraunakenndum samskiptum tegundanna, sem ekki byggjast á óskoruðum yfirráðum manna.

ÚTDRÁTTUR

Allt frá fyrstu öldum byggðar hér á landi hefur æðarfugl verið til mikilla nytja. Egg fuglsins hafa verið tekin alla tíð og veiðar á fuglinum voru stundaðar lengi framan af. Það var ekki fyrr en árið 1847 sem æðarfugl var friðaður fyrir allri veiði, fyrst allra fuglategunda. Friðun æðarfugls byggir reyndar á öðrum nytjum, nefnilega dúntekju, en frá 17. öld, eftir að Íslendingar lærðu að hreinsa dún, hefur æðardúnn verið verðmæt útflutningsvara. Í þessari grein er sjónum beint að nytjasambandi manns og æðarfugls út frá pósthúmanísku sjónarhorni. Horft er til þeirrar efnismenningar sem hefur skapast í gagnvirkum sambandi manns og æðar. Fjallað er um tengsl æðarræktar og friðunar æðarfuglsins, sem og það fordæmi sem sett var með friðun fuglsins fyrir verndun fugla af öðrum tegundum. Með þessu er leidd í ljós sú gerendahæfni sem æðarfuglinn hefur haft við þróun fuglaverndar hér á landi. Í hnotskurn sýnir þetta dæmi hvernig gerendatengsl í samskiptum manna og náttúru eru til muna flóknari en oftast er álitíð.

Lykilorð: Æðarfugl, fuglafriðunarlæg, dúntekja, náttúruvernd, gerendatengsl

¹¹⁶ Steve Hinchliffe, *Geographies of Nature: Societies, Environments, Ecologies*, London: SAGE, 2007, bls. 51–53.

ABSTRACT

„The most useful of Icelandic ducks“.

The Common Eider and the advent of laws on bird protection

Ever since the beginning of settlement in Iceland, the common eider has been a bird of much utility. Eggs have been taken through the centuries, and the bird itself was hunted. Only in 1847 was the eider protected from hunting of any kind, the first species to receive protection. For the eider, the hunting ban is actually based on another form of use, notably down collecting. Since the 17th century, when Icelanders had learned to clean eiderdown, it has been a valuable export commodity. In this article the utilitarian relations between humans and eiders are examined from a posthumanist point of view. The material culture that has developed through bird-human coexistence is outlined. The relations between eider farming and the protection of the eider is discussed, as well as how its protection set the precedent for the protection of other bird species in the country. In an nutshell, this example shows how relations of agency in human-nature relations are more intricate than often thought.

Keywords: Common eider, bird protection act, eiderdown collecting, conservation, agency relations

EDDA R. H. WAAGE

Lektor í landfræði og ferðamálafræði

Líf- og umhverfisvísindadeild, Land- og ferðamálafræðistofu

Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands

Sturlugötu 7

IS-102 Reykjavík, Ísland

erw@hi.is

KARL BENEDIKTSSON

Prófessor í landfræði

Líf- og umhverfisvísindadeild, Land- og ferðamálafræðistofu

Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands

Sturlugötu 7

IS-102 Reykjavík, Ísland

kben@hi.is